Ed. **137. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 22, 6. okt. 1919, um hæstarjett.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir leitað álits hæstarjettar og fengið frá dómstjóra svo hljóðandi brjef, dagsett 10. þ. m.:

> Með virðulegu brjefi, dags. 6. þ. m., hefir háttvirt allsherjarnefnd efri deildar Alþingis beiðst álits hæstarjettar um lagafrumvarp það um breyting á lögum nr. 22, 6. okt. 1919, sem nú er til meðferðar í efri deild Alþingis.
>
> Brjef þetta og áminst lagafrumvarp hefi jeg lagt fyrir dómendur hæstarjettar; hefir það verið athugað á fundi, og er það álit vort, sem á eftir fer.
>
> Aðalákvæði frumvarpsins er að fækka föstum dómendum rjettarins úr 5 ofan í 3. Ef það er markmið rjettarins að veita sem rjettlátlegasta úrlausn á deilumálum borgaranna — og um það efast víst enginn — þá er að vorn áliti enginn vafi á því, að tryggingin fyrir því, að þetta markmið náist, rýrist að mun við fækkun dómendanna, því að gamli málshátturinn er sannur: »Betur sjá augu en auga«. Út á við mundi þessi fækkun dómendanna hafa þau áhrif, að rýra álit rjettarins og veikja traust almennings á honum. Mundu þá þau verðmæti tapast, er vissulega vega meira en upp á móti krónusparnaði þeim, er á að vinnast með frumvarpinu. — Þetta, sem hjer er sagt, miðast við, að dómaskipunin annars haldist óbreytt, því að öðru máli gæti verið að gegna, ef stofnaður væri hjer í Reykjavík millistigsdómstóll, eins og vikið hefir verið að, en varla mundi það hafa sparnað í för með sjer, er að marki væri.
>
> Hin önnur ákvæði frumvarpsins hafa minni þýðingu, og skal þó drepið á þau hjer.
>
> Meiri hluti dómendanna er mótfallinn ákvæðinu í 1. gr., um að kjósa skuli forseta rjettarins. Þetta er algert nýmæli, al-óþekt hjer áður, og sýnist eigi hafa neitt verulegt við að styðjast nema væntanlegan sparnað, sem lík-

lega yrði þó lítill, því að forseti, sem kosinn væri, mundi sjálfsagt vilja hafa og verða látinn hafa aukaþóknun fyrir forsetastörf sín.

Breytingarnar í 3. gr. frv. getum vjer fallist á, enda lögðum vjer til, að ákvæðið yrði þannig, eins og breytingartillagan fer fram á, þegar hæstarjettarlögin voru til meðferðar 1919.

Um breytinguna á ritaraembættinu, 4. gr. frumvarpsins, má taka það fram, að það virðist að vísu ekki skifta miklu máli, hver skipar ritara, en embættið er mikilsvarðandi og heimtar góðan lögfræðing. Nú situr ungur maður í embættinu, og ef setja ætti hann á biðlaun, virðist augljóst, að hin tilætlaða breyting hefði engan sparnað í för með sjer fyrst um sinn.

Meiri hluti dómendanna getur fallist á ákvæðið í 5. gr., en það skal tekið fram, að rjetturinn sjálfur getur ákveðið þetta, þegar honum þykir ástæða til þess, án þess sjerstök lagaheimild þurfi til að koma.

Skoðun hæstarjettar um fækkun dómenda var áður kunn, og þykir eðlilegt, að dómurinn sje mótfallinn fækkun. Viðurkennir nefndin, að betra væri að þurfa ekki að fækka dómendum, ef ekki þyrfti á kostnaðinn að líta. Hitt getur hún ekki fallist á, að álit hæstarjettar þurfi að rýrna, þótt dómendur sjeu þrír í stað fimm. Það hlýtur ávalt að vera nokkurt álitamál, hver talan þurfi að vera. Eftir vorum hag virðist nefndinni vel forsvaranlegt að hafa dómendurna þrjá. Meiri hluti nefndar (E. P. og J. M.) telur, að æskilegt væri, að til væri miðstigsdómur fyrir mál, er áfrýjað er frá hjeraðsdómi, sjerstaklega utan Reykjavíkur. Það mætti sennilega koma miðdómi þannig fyrir, að ekki yrði sjerlega kostnaðarsamt fyrir landið, einkum ef dómar úr Reykjavik eru undanskildir. Þar hlýtur ávalt að vera æfður hjeraðsdómari, og því mega áfrýja hans dómum beint til hæstarjettar. Öðru máli er að gegna um hjeraðsdómarana utan Reykjavíkur. Nefndin telur þó ekki rjett að taka upp til framkvæmda tillöguna um miðstigsdóm, fyr en rýmkaðist um hag ríkissjóðs. — Á rök hæstarjettar fyrir því, að ritara*embættið* sje nauðsynlegt og að eigi sparist við að gera þá breytingu hjer í, er frumvarpið fer fram á, getur nefndin ekki fallist á. Henni getur ekki skilist, að starf ritarans sje svo umfangsmikið, að ekki mætti fá til hæfan mann fyrir tiltölulega litla þóknun. Um sparnaðinn, til frambúðar að minsta kosti, þykir ekki þurfa að ræða. Hann virðist auðsær, hvernig sem litið er á rjett þess manns, er nú er í ritaraembættinu. Um lögmælt biðlaun er líklega ekki að ræða. En um þetta atriði þykir ekki þurfa að orðlengja frekar hjer.

Meiri hluti dómaranna er því mótfallinn, að dómurinn kjósi sjer sjálfur forseta, og telur að dómstjóri eigi að fá aukaþóknun. Hvorugt getur nefndin fallist á. Þetta ákvæði virðist samkvæmast sjálfstæði dómsvaldsins, og hollast, að afskifti pólitíska valdsins af því sjeu sem minst. Ákvæðið er og mjög eðlilegt í sjálfu sjer, enda því atriði þann veg farið í öðrum meiri háttar stofnunum, svo sem sjálfu Alþingi og háskólanum. Þá gæti það og verið heppilegra, sjerstaklega í þriggja manna rjetti, þar sem atkvæði mundi ekki allsjaldan standa gegn atkvæði, að eiga ekki úrslitavaldið, ef til vill áratugum saman, undir sama manninum, stjórnkjörnum forseta. Það mundi og vera fult eins gott fyrir samvinnuna í rjettinum, að sem jafnast væri á komið með öllum dómurunum um starf þeirra,

laun og annað, enda er slíkt skipulag dómstóla ekkert einsdæmi. Þannig eru allir dómarar í báðum æðstu dómstólum Svía jafnir að öllu leyti og heita sama nafni í hvorum um sig. Hitt er álitamál, hve langt kjörtímabilið eigi að vera, eitt ár eða lengur, en vitanlega getur endurkjör átt sjer stað. Nefndinni getur ekki skilist, að forseti hafi meira starf við dóminn en hinir dómararnir. Það virðist sjálfgefið, að hann skrásetji að minsta kosti aldrei fyrstur atkvæði, sem einatt er sama sem að semja dóminn. Enn finst nefndinni ólíklegt, að hæstirjettur geti í rauninni verið verulega mótfallinn því, að ráða sjálfur forseta sínum, þótt meiri hluti hans hafi ekki getað fallist á þessa breytingu.

Meiri hluti hæstarjettardómaranna fellst á ákvæðið í 5. gr. um birting ágreiningsatkvæðis. Það er að vísu svo, að dómurinn getur ákveðið þetta. En hann hefir ekki gert það. Það væri ekki ósennilegt, að sá dómari, er fyrstur ritaði atkvæði, hefði það enn skýrara og ítarlegra, ef hann ætti von á því, að mótatkvæði væri birt. Sjerstaklega er birting ágreiningsatkvæðis æskileg i fámennum rjetti, þar er málflutningur er munnlegur, og því enginn kostur ítarlegra dóma, er kasti nægilega skýru ljósi yfir ágreiningsatkvæðið, bæði að staðreyndum og lögum, heldur er að eins drepið á aðalúrslitaatriðin. Og þar sem sú venja er komin á í hæstarjetti, að geta ágreiningsatkvæðis úr forsetastólnum, er ágreinandi óskar þess, virðist bæði eðlilegt og rjett að stíga sporið til fulls og birta ágreiningsatkvæðið, þótt ekki væri til annars en að eyða óhollum efa um efni þess. Í hæstarjetti Svia og Norðmanna eru ávalt birt atkvæði allra dómaranna.

Einn nefndarmanna sjerstaklega hefir hreyft því, að það mundi fult eins rjett að hafa málflutning skriflegan. Bæði mundi þá kostur fyrir dómstólinn að hafa dómana enn ítarlegri, og svo mundi áfrýjun verða mun ódýrari fyrir málsaðilja. Nefndin í heild sinni hefir eigi viljað fara svo langt, ekki síst þess vegna, að henni er kunnugt um, að bæði hæstarjettardómararnir og málaflutningsmennirnir telja munnlegan málflutning yfirleitt heppilegri en skriflegan. En það hefir orðið að samkomulagi að bera fram breytingartiilögu i þá átt að rýmka talsvert færið fyrir aðilja til að flytja mál skriflega.

Það er auðvitað ekki tilgangurinn, að kosning á forseta fari fram meðan sá maður skipar dómstjórasætið, er nú hefir það.

Samkvæmt framansögðu leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykt með þessum

BREYTINGUM.

1. Á eftir 4. gr. komi ný grein, 5. gr., er orðist svo:

   Við 38. gr. 2. tölul. Liðurinn orðist svo:

   Ef rjetturinn leyfir það, enda hafi að minsta kosti annar aðilja eða umboðsmanna óskað þess.

   Greinatalan breytist þar eftir.

2. Aftan við 9. gr. frumvarpsins, sem verður 10. gr., bætist: Ekki fer kosning dómstjóra fram meðan núverandi dómstjóri situr í embættinu.

Alþingi, 14. mars 1924.

Jón Magnússon,	Eggert Pálsson,	Jónas Jónsson,
form. og framsögum.	fundaskrifari.	